

## Skólaráðsfundur Ingunnarskóla 27.maí

Mættir: Guðlaug skólastjóri, Þuríður aðstoðarskólastjóri, foreldri , Kristján nemandi skólans, Lilja Jóna ritari

Rætt var um sundtíma yngri bekkja næsta haust. Foreldrar vilja gjarnan hafa sundtíma á skólatíma en ekki eftir skóla. Vandamál með sundlaugina, hún mjög ásetin – Ingunnarskóli er eingöngu með Árbæjarlaug. Þetta þarf að ræða frekar við foreldra í upphafi skólaárs og upplýsa þá með sundtímana þar sem mögulega munu þeir rekast á æfingar og tólmstundir nemenda. Möguleiki að víxla tímum við aðra bekki. Þetta verður skoðað frekar.

Mögulega verður skólalóðin lagfærð í sumar en ekki alveg ákveðið hjá Reykjavíkurborg. En ef það verður þá mun mölin vera fjarlægð og gúmmíplötur settar í staðinn og jafnvel einhver ný leiktæki. Reykjavík er með ákveðin átaksjóð en spurning hvort Ingunnarskóli fái úthlutað úr honum en vonandi þar sem ekki þarf að gera miklar breytingar á sjálfri skólalóðinni. Guðlaug ætlar að ýta frekar á þetta og rökstyðja málið með óskum frá foreldrum, sbr. kaffispjall ofl.

Guðlaug sýndi Kristjáni og foreldri niðurstöðu skoðunarkönnunar sem var lögð fyrir foreldra skólans í apríl sl. Foreldrar voru í úrtaki og var 66% svörun. Kennarar skólans voru búnir að sjá niðurstöður könnunarinnar. Guðlaug ætlar að reyna að fá ítarlegri niðurstöður og fá að vita hvaða aldur er um að ræða að baki svörunarinnar. Foreldri kom með þá athugasemd að niðurstaðan sýni foreldrar séu almennt sáttir með skólann í könnuninni. Könnunin verður sett á heimasíðu skólans.

Skólastjóri ræddi um skipulag og breytingar á starfsmannahópnum næsta skólaár. Guðlaug mun senda skipulag næsta vetur á fundarmenn. Óhagstæður nemendafjöldi og fækkun nemenda. Halli á rekstri skólans sem kallar á skipulagsbreytingar. Enn er ósvarað frá Reykjavíkurborg með hverfaskiptingu á milli Ingunnarskóla og Sæmundarskóla til að auka nemendafjölda í Ingunnarskóla og létta á Sæmundarskóla sem er yfirsetin.

Ákveðið er að næsti skólaráðsfundur verði næsta haust. Skóladagatal næsta skólaárs er komið á heimasíðu skólans.